

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/2003

**Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun
Garðatorgs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni**

**I.
Málavextir**

Með bréfi, dags. 26. febrúar 2002, kvartar Eignamiðlunin ehf. yfir notkun Garðatorgs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmaheiti fyrirtækisins og gerir þær kröfur að notkun þess verði bönnuð.

Í erindinu segir að á árinu 1957 hafi rekstur fasteignasölu í Reykjavík hafist undir nafninu Eignamiðlunin. Sama ár hafi firmað verið skráð í firmaskrá Reykjavíkur. Árið 1970 hafi Sverrir Kristinsson orðið eigandi fyrirtækisins og hafi hann rekið það allar götur síðan. Reksturinn hafi verið í ýmsu formi, en árið 1986 hafi einkahlutafélag yfirtekið reksturinn og öðlast öll réttindi nafnsins Eignamiðlunin.

Allt frá því rekstur Eignamiðlunarinnar hófst hafi mikil viðskiptavild myndast sem tengist nafninu. Fyrirtækið hafi haft milligöngu um sölu á þúsundum fasteigna og hafi nafnið mikið verið notað í auglýsingum í dagblöðum, á skiltum og í gluggum fasteigna og í sjónvarpi. Hafi gífurlegum fjármunum verið varið til þess auk annars markaðsstarfs fyrirtækisins. Þá sé nafnið notað sem lénnafn fyrirtækisins, eignamiðlun.is, frá því í júní 1997.

Notkun nafnsins hafi ýmist verið með eða án greinis. Í óformlegu tali sé nafnið oft notað án greinis, t.d. rætt um Sverri hjá Eignamiðlun, húsið sé í sölu hjá Eignamiðlun og í símsvörun sé sagt Eignamiðlun. Á árinu 1997 hafi merki fyrirtækisins, gluggi með bókstafnum E, verið skráð sem vörumerki. Löngu fyrir þann tíma hafi fyrirtækið notið vörumerkjaverndar í krafti notkunarinnar og njóti enn slíkrar verndar.

Orðið eignamiðlun hafi ekki verið til sem orð í íslenskri tungu þegar rekstur Eignamiðlunarinnar hófst. Hafi verið um nýmæli að ræða og sé það hvergi að finna í orðabók. Samkvæmt staðfestingu Orðabókar Háskólans, dags. 23. október 2001, finnst ekkert dæmi um samsetningar þar sem orðið eignamiðlun sé fyrri eða síðari hluti samsetts orðs. Af því megi álykta að orðið eignamiðlun sé sérheiti. Sé þannig

um að ræða fágætt orð í íslensku sem verði sérkennt og tengt rekstri Eignamiðlunarinnar. Með erindinu fylgdu m.a. yfirlýsingar frá fimm einstaklingum sem allir tengjast eða hafa tengst fasteignasölu. Er sammerkt með öllum yfirlýsingunum að Eignamiðlunin gangi í daglegu tali jafnframt undir heitinu án greinis, þ.e. Eignamiðlun.

Að lokum segir í erindinu að um nokkra samlíkingu og ruglingshættu sé að ræða vegna framsetningar í auglýsingum Garðatorgs eignamiðlunar og starfsvettvangs þess fyrirtækis sem sé a.m.k. að stærstum hluta sá sami og Eignamiðlunarinnar.

Erindi Eignamiðlunarinnar fylgdi m.a. fyrrnefnt bréf Orðabókar Háskólans þar sem fram kemur að ekkert dæmi finnist um orðið eignamiðlun sem samheiti en orðtöku frá síðari hluta 20. aldar og upphafi hinnar 21. sé ekki lokið. Þá hafi engin dæmi fundist um orðið fasteignamiðlun. Aftur á móti hafi fundist dæmi um samheitin Eignasalan, Húsakaup og fasteignamarkaður.

II. Málsmeðferð

1.

Þann 14. mars 2002 var erindi Eignamiðlunarinnar sent Garðatorgi eignamiðlun til umsagnar. Tekið var fram að það væri mat Samkeppnisstofnunar að 25. gr. samkeppnislaga kæmi helst til álita í málinu. Svar Garðatorgs eignamiðlunar er dagsett 21. mars 2002. Þar segir að orðið eignamiðlun hjá félaginu sé ekki heiti eða undirheiti félagsins í eiginlegri merkingu, heldur viðhengi við nafn félagsins sem lýsi starfsemi félagsins. Þyki sem það orð lýsi starfseminni betur en t.d. fasteignamiðlun eða fasteignasala. Sé hér um tvennt ólíkt að ræða, annars vegar sérnafn félags sem er nafnorð með greini og hins vegar viðhengi við nafn sem tilgreini atvinnugrein félags. Augljóst sé að orðið eignamiðlun sé ekki sérstakt heiti sem hægt sé að eignast og dregið er í efa að unnt væri að fá nafnið skrásett í dag. Orðið sé samsett úr almennum orðum úr daglegu tali.

Bent er á að í bréfi Orðabókar Háskólans sem vísað sé til í bréfi Eignamiðlunarinnar segi að orðtöku frá síðari hluta 20. aldar og upphafi hinnar 21. sé ekki lokið. Því sé hæpið að hægt sé að draga þá ályktun af bréfinu að eignamiðlun sé sérheiti. Einkum sé erfitt að skilja af hverju það ætti að vera sérkennt og tengt rekstri Eignamiðlunarinnar en ekki t.d. Eignamiðlunar Suðurnesja sem hafi haft skráð firmaheiti frá 1978.

Ekki hafi verið ætlunin að taka upp nafn sem bryti á rétti annars félags. Rétt sé að benda á að við skráningu Garðatorgs eignamiðlunar í Hlutafélagaskrá í nóvember

2000 hafi engar athugasemdir verið gerðar við nafn félagsins. Fráleitt sé að Eignamiðlunin njóti ríkari réttar til orðsins eignamiðlun en sem nemur til sérheitisins Eignamiðlunin, sem nafni félagsins. Túlkun umfram það sé allt of víðtæk og komi í veg fyrir að fyrirtæki geti lýst starfsemi sinni með orðum á sem nákvæmastan hátt.

Þá er vísað á bug að um samlíkingu eða ruglingshættu geti verið að ræða milli fyrirtækjanna vegna framsetningar Garðatorgs eignamiðlunar í auglýsingum. Heiti fyrirtækisins sé Garðatorg og í öllum prentuðum auglýsingum sé það orð mest áberandi. Orðið eignamiðlun sé skráð með mun minna lettri. Sama gildi um framsetningu fyrirtækisins á vefsetrinu mbl.is. Þá er bent á að lénnafn fyrirtækisins sé gardatorg.is og netföng t.d. gardatorg@gardatorg.is. Merki fyrirtækisins vísi í nafn þess og í því sé mynd af turnbyggingu þeirri sem standi við Garðatorg. Engar forsendur séu fyrir því að líkja því við merki Eignamiðlunarinnar, glugga með bókstafnum E. Þá sé símsvörun fyrirtækisins með sama hætti og hjá Eignamiðlun, starfsfólk segi „Garðatorg, góðan daginn“.

Þá er tekið undir að starfsvettvangur og markaðssvæði fyrirtækjanna séu að stærstum hluta það sama. Þó ber að athuga að félögin séu skrásett og starfi sitt í hvoru sveitarfélagi. Þó svo Garðatorg einskorði sig ekki við Garðabæ sé það engu að síður helsta markaðssvæðið. Garðatorg eignamiðlun telur ekki hættu á ruglingi eða samlíkingu milli fyrirtækjanna og kvörtun Eignamiðlunarinnar sé ekki réttmæt.

2.

Hinn 25. mars 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf Garðatorgs eignamiðlunar til umsagnar Eignamiðlunarinnar. Svar fyrirtækisins er dags. 8. apríl 2002. Þar segir að ekkert í bréfi Garðatorgs eignamiðlunar hnekki þeim rökum sem fram hafi komið. Til áréttingar sé bent á að jafnvel þó ekki sé litið svo á að eignamiðlun sé sérheiti geti ýmis heiti sem ekki séu sérheiti notið einkaréttar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 10/2000, *Augun okkar ehf. gegn samkeppnisráði*. Þar hafi verið talið að um einkarétt væri að ræða til heitisins Gleraugnabúðin. Jafnframt sé ljóst að njóti aðili einkaréttar til heitis geti hann varnað því að annar noti það sem hluta af samsettu heiti í firmanafni sínu, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/1999, *Kvörtun Lífstykkjabúðarinnar ehf. yfir notkun Olympíu ehf. á nafninu Lífstykkjabúðin*. Þar hafi einkaréttur á heitinu Lífstykkjabúðin komið í veg fyrir að fyrirtæki kæmi fram undir nafninu Lífstykkjabúðin Olympía. Þá segir að ekki séu nein rök fyrir því að afstaða Hlutaafélagaskrár til skráningar á fyrirtækjum bindi hendur Samkeppnisstofnunar. Sé hér um tvo óskylda hluta að ræða. Þá segir að óumdeilt virðist að fyrirtækjaheitið Eignamiðlunin hafi verið notað frá stofnun 1957 bæði með og án greinis. Sú notkun færi fyrirtækinu vörumerkjavernd vegna beggja heitanna enda grundvallarregla vörumerkjaréttar að notkun skapi rétt. Þá er tekið fram að þó svo að kvartandi hafi ekki gert athugasemd við heitið Eignamiðlun Suðurnesja geti það varla bundið hendur fyrirtækisins vegna athafna annarra aðila sem fyrirtækið telur halla á sig.

3.

Bréf Eignamiðlunarinnar var sent Garðatorgi eignamiðlun til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. apríl 2002. Athugasemdir fyrirtækisins eru dags. 18. apríl 2002. Þar er ítrekuð sú skoðun að orðið eignamiðlun sé almenn skírskotun til atvinnurekstrar. Hér sé um venjulegt talmál að ræða og hafa beri í huga þá grunnreglu auðkennisréttar að enginn geti öðlast einkaréttindi til opinberrar notkunar á venjulegu talmáli.

Þá segir að þó að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi komist að þeirri niðurstöðu í máli nr. 10/2000, *Augun okkar ehf. gegn samkeppnisráði*, að með skráningu firmaheitis og einkum langri notkun þess séu næg rök fyrir því að fyrirtæki öðlist markaðsfestu sem leitt geti til einkaréttar yfir heiti, nái verndin eingöngu til þess að önnur fyrirtæki noti ekki nafnið eitt og sér þannig að ruglingshætta skapist. Garðatorg eignamiðlun hafi aldrei notað orðið eignamiðlun eitt og sér eða þannig að ruglingshætta hafi skapast gagnvart heiti Eignamiðlunarinnar. Þá segir að fyrrgreind niðurstaða áfrýjunarnefndar hafi ekki verið afgerandi þar sem einn nefndarmanna hafi skilað sératkvæði þar sem hann taldi ekki unnt að fallast á niðurstöðu samkeppnisráðs um að upphaflegur kærandi í málinu ætti einkarétt til notkunar heitisins sem væri verndað skv. 25. gr. samkeppnislaga.

Í máli samkeppnisráðs nr. 23/1999, *Kvörtun Lífstykkiabúðarinnar ehf. yfir notkun Olympíu ehf. á nafninu Lífstykkiabúðin*, komi fram í niðurstöðu ráðsins að orðið lífstykki sé óalgengt í íslensku í dag og hafi það verið skráð athugasemdalaust og án takmarkana hjá Einkaleyfastofunni, bæði sem orð- og myndmerki. Megin forsenda hafi verið markaðsfesta, þ.e. hin áratugalanga notkun fyrirtækisins á nafninu. Vörumerkið Lífstykkiabúðin sé skráð í Vörumerkjaskrá sem orð- og myndmerki. Í því felist einkaréttur til notkunar orðsins Lífstykkiabúðin (orðmerki) og þeirri útfærslu á orðinu sem birtist í Vörumerkjaskránni (myndmerki). Þá segir í bréfinu:

„Samkvæmt upplýsingum sem undirrituð aflaði sér hjá Einkaleyfastofunni, hefur Eignamiðlunin ehf. skráð orð- og myndmerki með stafnum „E“ inni í e.k. húsi. Í því felst að Eignamiðlunin hefur einkarétt til stafsins „E“ í þessari útfærslu, en ekki á annan hátt. Það er því alveg ljóst að Eignamiðlunin hefur alls ekki einkaleyfi á notkun orðsins „eignamiðlun“. Jafnframt var mér tjáð að þetta væri það almennt og algengt orð í íslensku talmáli að það fengist ekki skráð með einkaleyfi, þrátt fyrir áralanga notkun. Augljóst er að hvorki áralöng notkun Eignamiðlunarinnar ehf. á orðinu „eignamiðlun“, skráning í Hlutafélagaskrá eða Vörumerkjaskrá, færir Eignamiðluninni ehf. einkarétt til heitisins, nema þá helst einu og sér, með greini.“

Þá er bent á að almenn vinnuregla sé hjá Hlutafélagaskrá að skrá ekki heiti fyrirtækis, ef þeir telja að nafn feli í sér samlíkingu eða ruglingshættu við annað félag eða fyrirtæki sem fyrir sé skráð hjá Hlutafélagaskrá.

4.

Með bréfi, dags. 9. ágúst 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfum til málsaðila, dags. 15. október 2002 og 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töl yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

5.

Þann 19. ágúst 2003 kom Eignamiðlunin á framfæri við Samkeppnisstofnun skráningu Einkaleyfastofunnar á orð- og myndmerkinu Eignamiðlun ásamt bréfi frá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Í bréfinu, sem dagsett er 19. ágúst 2003, segir:

„Kaupþing Búnaðarbanki hf. getur staðfest að notkun fasteignasölnunnar Garðatorg á nafninu Eignamiðlun, þ.e. Garðatorg Eignamiðlun hefur valdið alvarlegum misskilningi í fasteignaviðskiptum. Fyrir hefur komið að óskað hefur verið eftir matsþjónustu frá Garðatorgi Eignamiðlun, en ekki orðið upplýst um misskilninginn fyrr en matsniðurstöður lágu fyrir.“

Undir bréfið rita starfsmaður eignaumsýslu sem og forstöðumaður lögfræðisviðs Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 2003, sendi Samkeppnisstofnun Garðatorgi framangreint bréf og skráningu Einkaleyfastofunnar til umsagnar. Svar Garðatorgs er dagsett 1. september 2003 og þar segir:

„Hvað varðar nafnabreytingu Eignamiðlunarinnar ehf. í Eignamiðlun og nýtt fyrirtækjamerki þeirra þá hef ég engar athugasemdir hvað það varðar.“

Hvað varðar „yfirlýsingu“ Kaupþings Búnaðarbanka hef ég hins vegar eftirfarandi að segja; Hér er farið með rangt mál og hefur bankinn verið krafinn um afturköllun á „yfirlýsingunni“. Þar er farið með ósannindi og get ég vel skýrt það mál fyrir Samkeppnisstofnun kjósi hún það.“

Samkeppnisstofnun óskaði frekari skýringa frá Garðatorgi og bárust þær með bréfi, dags. 5. september 2003. Þar er þess farið á leit að yfirlýsing Kaupþings Búnaðarbanka verði ekki tekin til greina sem rök í máli Eignamiðlunarinnar. Lýst er

Því ferli sem átt hafi sér stað þegar starfsmaður Kaupþings Búnaðarbanka hafi óskað eftir að Garðatorg tæki að sér að verðmeta fasteign. Starfsmaðurinn hafi haft samband símleiðis og ítrekað málið nokkrum sinnum. Erfitt sé að sjá hvernig starfsmaðurinn hafi haldið að hann væri í sambandi við Eignamiðlunina og óskað eftir þjónustu hjá röngu fyrirtæki. Verðmatið hafi verið afhent í umslagi rækilega merktu Garðatorgi og verðmatið einnig merkt. Í framhald þessa hafi verið óskað eftir fleiri verðmötum annarra hluta sömu eignar. Reikningar hafi verið greiddir án athugasemda.

Fram kemur að Garðatorg hafi leitað skýringa hjá Kaupþingi Búnaðarbanka á efni yfirlýsingarinnar en litlar skýringar fengið. Telur Garðatorg að bankinn muni ómerkja bréfið og senda Samkeppnisstofnun bréf þar að lútandi.

Þann 8. september 2003 hafði starfsmaður Samkeppnisstofnunar samband við annan starfsmann Kaupþings Búnaðarbanka sem undirritaði yfirlýsinguna. Viðkomandi starfsmaður vissi af óánægju Garðatorgs en sagði að bankinn stæði við yfirlýsinguna frá 19. ágúst 2003.

Þann 8. september 2003 sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum bréf þar sem fram komu gögn málsins og tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Eignamiðlunarinnar er kvartað yfir notkun Garðatorgs eignamiðlunar á orðinu eignamiðlun í firmanafni. Eignamiðlunin hóf starfsemi sína árið 1957 og hefur verið skráð sem firmanafn frá þeim tíma. Heitið er notað jöfnum höndum með og án greinis og er lénnafn fyrirtækisins án greinis. Orðið eignamiðlun hafi verið óþekkt hér á landi er fyrirtækið hóf starfsemi sína. Hætta sé á ruglingi á milli fyrirtækjanna enda starfi þau á sama svæði og á sama starfsvettvangi.

Garðatorg eignamiðlun heldur því fram að orðið eignamiðlun sé viðhengi við nafn fyrirtækisins sem lýsi starfsemi þess. Heiti fyrirtækisins sé Garðatorg og í öllum prentuðum auglýsingum fyrirtækisins sé það orð mest áberandi og ritað með stærra letri en eignamiðlun. Eignamiðlun sé almennt heiti samsett úr orðum í daglegu tali.

Telur því Garðatorg eignamiðlun enga hættu á ruglingi milli fyrirtækjanna enda starfi þau í sitt hvoru bæjarfélaginu. Þá hafi engar athugasemdir verið gerðar af Hlutfélagaskrá við skráningu fyrirtækisins. Eignamiðlunin njóti réttar til firmaheitisins en rýmri túlkun sé of víðtæk og hindri önnur fyrirtæki í að geta lýst starfsemi sinni.

Í erindi þessu er ekki vísað til lagagreina í samkeppnislögum en að mati samkeppnisráðs koma ákvæði 25. gr. laganna helst til álita en greinin hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérloggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Eins og fram hefur komið fékk Eignamiðlunin heiti sitt fyrst skráð í firmaskrá árið 1957. Garðatorg eignamiðlun fékk heiti sitt skráð sem hlutfélag árið 2000. Báðir málsaðilar hafa því fengið heiti sín skráð af þar til bærum aðilum og eiga því rétt til þessara auðkenna sinna í skilningi samkeppnislaga. Kemur því seinni málsliður 25. gr. laganna til álita í máli þessu og skal þá litið til þess hvort villast megi á fyrirtækjunum.

Í máli þessu er því haldið fram að orðið eignamiðlun hafi verið óþekkt hér á landi er firmanafnið Eignamiðlun var skráð árið 1957. Ljóst er að orðið er samsett úr tveim almennum íslenskum orðum, eign og miðlun. Að mati samkeppnisráðs hefur ekki verið sýnt fram á að orðin samsett sem eignamiðlun sé almennt orð í íslensku. Í bréfi Orðabókar Háskólans til Eignamiðlunarinnar, dags. 23. október 2001, kemur m.a. fram að í söfnum Orðabókarinnar finnist enn ekkert dæmi um að orðið eignamiðlun sé notað sem samheiti og ekkert dæmi hafi heldur fundist um samsetningar þar sem

eignamiðlun er fyrri eða síðari hluti samsetts orðs. Þá má geta þess að orðið eignamiðlun er heldur ekki að finna í *Íslenskri orðabók*, þriðju útgáfu, frá árinu 2002.

Að mati samkeppnisráðs ber orðið eignamiðlun ekki með sér að átt sé sérstaklega við sölu fasteigna og orðið í þeim skilningi fyrst og fremst tengt Eignamiðluninni og starfsemi þess enda hefur fyrirtækið verið starfrækt í tæp fimmtíu ár. Gildir þá einu hvort orðið er notað með eða án greinis enda um sama orð að ræða. Þá er ljóst að umsvif fyrirtækisins hafa verið umtalsverð á fasteignamarkaði.

Í gögnum málsins er bent á að Eignamiðlun Suðurnesja hafi verið skráð firma frá árinu 1978 og að eins mætti sérkenna orðið við það fyrirtæki. Eignamiðlun Suðurnesja er fasteignasala sem starfar eingöngu á Suðurnesjum og er því markaðssvæði fyrirtækisins annað en Eignamiðlunarinnar sem starfar á stór-Reykjavíkursvæðinu. Kvörtun þessi snýr ekki að Eignamiðlun Suðurnesja og lítil hætta virðist á ruglingi og hagsmunaárekstrum á milli fyrirtækjanna.

Sem að framan greinir var firmanafnið Eignamiðlunin skráð árið 1957 og firmanafnið Garðatorg eignamiðlun árið 2000. Að mati samkeppnisráðs er orðið eignamiðlun ekki sérstaklega lýsandi fyrir þá starfsemi sem fyrirtækin stunda. Starfa fyrirtækin í sömu atvinnugrein á sama landfræðilega svæði og eru keppinautar. Notkun Garðatorgs á orðinu eignamiðlun skapar þar af leiðandi hættu á að villst verði á fyrirtækjunum og sýnt hefur verið fram á rugling sem skapast hefur vegna notkunar orðsins, sbr. bréf Kaupþings Búnaðarbanka hf. sem samkeppnisráð telur ekki unnt að líta fram hjá. Jafnframt er sú hætta fyrir hendi að neytendur telji að tengsl séu á milli fyrirtækjanna einkum með hliðsjón af því að fyrirtækin starfa bæði við sölu fasteigna. Er því notkun Garðatorgs eignamiðlunar á orðinu eignamiðlun í heiti sínu brot á ákvæðum 2. málslíðar 25. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með notkun á orðinu eignamiðlun í heiti sínu hefur Garðatorg eignamiðlun ehf., Garðatorgi 7, Garðabæ, brotið gegn 2. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá úrskurð Áfrýjunarnefndar [nr. 14/2003](#)]